

Upphafstónleikar

2011/2012

MIÐVIKUDAGUR 7. SEPTEMBER 2011

FIMMTUDAGUR 8. SEPTEMBER 2011



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

.....

Konsert Rakhmaninoffs tekur rúmar 40 mínútur í flutningi, en sínfónían tekur um 50 mínútur. Tónleikagestir eru vinsamlegast beðnir um að klappa einungis í lok verkanna.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á meðan tónleikum stendur.

Tónleikarnir á fimmtudag verða sendir út í beinni útsendingu á Rás 1. Þeir verða síðan aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is

Upphafstónleikar Sínfóníuhljómsveitar Íslands eru í tónleikaröð Sambands evrópskra útvarpsstöðva, og verður þeim m.a. útvarpað í Ástralíu, Danmörku, Eistlandi, Portúgal, Póllandi, Rúmeníu, á Spáni og í Ungverjalandi.

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

UPPHAFSTÓNLEIKAR

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 7. OG 8. SEPTEMBER 2011

Vladimir Ashkenazy, hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson, einleikari

Sergei Rakhmaninoff

Píanókonsert nr. 3 í d-moll, op. 30 (1909)

Allegro ma non tanto

Intermezzo: Adagio – poco più mosso –

Finale: Alla breve

Hlé

Dímitrij Sjostakovítsj

Sinfónía nr. 5 í d-moll, op. 47 (1937)


Moderato

Allegretto

Largo

Allegro non troppo

Vladimir Ashkenazy *hljómssveitarstjóri*



Vladimir Ashkenazy er óumdeilanlega frægastur íslenskra ríkisborgara í klassíska tónlistarheiminum. Í ríflega hálfra öld hefur hann verið í hópi fremstu hljóðfæraleikara heims, eða allt frá því hann komst á verðlaunapall í þremur virtustu tónlistarkeppnum heims: hann hlaut önnur verðlaun í Chopin-keppninni í Varsjá árið 1955, og fyrstu verðlaun bæði í Queen Elisabeth-keppninni í Brüssel 1956 og Tsjajkovskij-keppninni í Moskvu 1962.

Undanfarna áratugi hefur orðstír Ashkenazys sem hljómssveitarstjóra stöðugt vaxið, eða allt frá því að hann steig sín fyrstu skref á þeirri braut með Sinfóníuhljómssveit Íslands árið 1972. Hann hefur verið aðalstjórnandi hjá virtum hljómssveitum á borð við Konunglegu fílharmóníusveitina í London og Tékknesku fílharmóníusveitina. Árið 2009 tók Ashkenazy við stöðu aðalhljómssveitarstjóra Sinfóníuhljómssveitarinnar í Sídney í Ástralíu, en hann hefur auk þess unnið með flestum frægustu hljómssveitum heims sem gestastjórnandi.

Ashkenazy á glæsilegan feril að baki í hljóðverinu. Hann hefur hljóðritað flest höfuðverk píanóbókmenntanna, og meðal nýjustu hljóðritana hans eru prelúdíur og fúgur Sjostakovítsj, og Diabelli-tilbrigði Beethovens. Kammertónlist er einnig áberandi á útgáfulista hans og ekki síður fjölmargar hljómssveitarupptökur, m.a. heildarútgáfur á sífóníum Prokofievs, Sibelíusar og Rakhmanínoffs. Ashkenazy hefur hlotið sex Grammy-verðlaun, m.a. sem besti einleikari með hljómssveit (píanókonserter Beethovens með Georg Solti, 1974), fyrir bestu kammerhljóðritun (fíðlusónötur Beethovens með Itzhak Perlman, 1979), og besta einleiksdisk (prelúdíur og fúgur Sjostakovítsj, 2000).

Í janúar 2001 stjórnaði Vladimir Ashkenazy Sinfóníuhljómssveit Íslands á ný eftir nokkurt hlé. Ári síðar var hann gerður að heiðursstjórnanda hljómssveitarinnar og hefur síðan snúið aftur á hverju starfsári og stjórnað meistaraverkum tónbókmenntanna, m.a. Draumi Gerontíusar eftir Elgar, Stríðssálumessu Britten, 9. sífóníu Mahlers og Missa solemnis eftir Beethoven.

Víkingur Heiðar Ólafsson

einleikari



Víkingur Heiðar Ólafsson lauk námi frá Juilliard-skólanum vorið 2008. Hann hefur haldið tónleika um víða veröld, komið fram með flytjendum á borð við Martin Fröst, Denis Bouriakov og Kristin Sigmundsson, hljómsveitarstjórum á borð við Vladimir Ashkenazy, Roberto Abbado, Pietari Inkinen og Ilan Volkov. Verkefnaskrá Víkings nær yfir tónlist frá 17. öld til samtímans en hann hefur frumflutt píanókonserta eftir Snorra Sigfús Birgisson, Daníel Bjarnason og Hauk Tómasson auk einleiks- og kammerverka eftir Ólaf Óskar Axelsson, Atla Heimi Sveinsson og Mark-Anthony Turnage.

Meðal verðlauna sem Víkingi hafa verið veitt eru Íslensku bjartsýnisverðlaunin, Íslensku tónlistarverðlaunin og konsertverðlaun Juilliard-skólans. Hann hefur hlotið fjölmarga styrki, m.a. úr Minningarsjóði um Birgi Einarson, Vladimir Horowitz-styrk Juilliard-skólans auk Carl Roeder minningarverðlaunanna.

Víkingur stofnaði útgáfufyrirtækið Dirrindí vorið 2009 þegar fyrsti einleiksdiskur hans kom út með verkum eftir Brahms og Beethoven. Annar einleiksgeisladiskur hans, með 24 prelúdium eftir Frédéric Chopin og tveimur partítum eftir Johann Sebastian Bach, kom út á opunardegi Hörpu 4. maí síðastliðinn.

Víkingur verður listrænn stjórnandi kammertónlistarhátíðar sem haldin verður í Hörpu í kringum sumarsólstöður 2012 auk þess sem hann mun gera sjónvarpsþætti um tónlist fyrir RÚV á því ári. Upptökur, myndskleið og fréttir af Víkingi er að finna á vefsíðunni vikingurolafsson.com.

Sergei Rakhmaninoff

Píanókonsert nr. 3



Þegar Sergei Rakhmaninoff (1873-1943) setti tvístrikið aftan við þriðja píanókonsert sinn árið 1909 stóð hann á hátindi frægðar sinnar. Fáir snerust honum snúning við hljómborðið en tónsmíðarnar áttu huga hans í æ meiri mæli. Þetta voru tímar tómarúms í rússneskri tónsköpun og hægur leikur fyrir hæfileikamann að ná athygli með verkum sínum. Nestor rússneskra tónskálda, Nikolaj Rimskíj-Korsakoff, hafði andast árinu áður, og enn voru nokkur ár þar til þeir Stravinskíj og Prokofiev vöktu heimsathygli. Á þessu millibilskeiði taldist Rakhmaninoff til helstu tónskálda álfunnar í eina skiptið á ferli sínum. Þegar leið á annan áratug 20. aldarinnar viku tónsmíðarnar smám saman fyrir píanóleiknum. Konsertferðalög voru öruggari leið til að sjá fyrir fjölskyldu, og tónsmíðastíll hans féll sífellt verr að ríkjandi straumum og stefnum. Þegar Rakhmaninoff lést árið 1943 litu margir á tónlist hans sem stórfenglega tímasökkju, melankólskt afturhvarf til kraumandi síðrómantíkur í heimi þar sem allt hverfðist um andstæða póla nýklassíkur og raðtækni – Stravinskíjs og Schönbergs.

Rakhmaninoff samdi konsertinn fyrir fyrstu tónleikaferð sína til Bandaríkjanna haustið 1909. Ferðin var í undirbúningi í nokkur ár og ýmis vandamál komu upp í samningagerð, en þegar síðustu hindrunum hafði verið rutt úr vegi í júlí 1909 var píanistinn langt kominn með konsert sem átti að vera glæsistykki ferðalagsins. Hann lauk við nýja verkið 23. september og sigldi vestur um haf skömmu síðar. Það var að mörgu að huga síðustu vikunnar áður en lagt var úr höfn og tími til æfinga af skornum skammti, svo Rakhmaninoff hafði strengjalaust hljómborð meðferðis á siglingunni til að geta æft einleikspartinn. Frumflutningurinn fór fram í nóvemberlok með New York Symphony Orchestra undir stjórn Walters Damrosch, og ekki liðu nema tveir mánuðir þangað til hann lék konsertinn aftur á sömu slóðum, þá með hljómsveit keppinautarins – Fílharmóníuhljómsveitinni í New York í Carnegie Hall undir stjórn Gustavs Mahler.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Það var hinn 27 ára gamli Vladimir Ashkenazy sem flutti þriðja píanókonsert Rakhmaninoffs fyrstur manna á Íslandi árið 1964 undir stjórn Igors Buketoff. Síðan hafa fetað í fótspor hans Barbara Nissman (1976), Dmitris Sgouros (1987), Þorsteinn Gauti Sigurðsson (1993), Olli Mustonen (1994), Denis Matsuev (2001) og Víkingur Heiðar Ólafsson (2007).

Þriðji píanókonsertinn hefur löngum verið talinn gera meiri tæknilegar kröfur en nokkur annar píanókonsert í rómantískum stíl. Þetta skrifast bæði á hnausþykkan píanópartinn sem og lengd verksins, því að þrjár stundarfjórðungar af slíkri spilamennsku hljóta að teljast jafngildi maraþonhlaups og gott betur. Þótt viðtökurnar hafi almennt verið góðar í Ameríkuferðinni 1909–10 leið allnokkur tími þar til konsertinn festi sig í sessi. Sergei Prokofiev heyrði konsertinn fluttan í Moskvu í fyrsta sinn og kvað upp þann dóm að hann væri „þurr, erfiður, og óaðlaðandi“. Það var ekki fyrr en Vladimir Horowitz tók konsertinn á efnisskrá sína um 1930 sem hann náði verulegum vinsældum, en þó var hann iðulega fluttur í stytta formi allt fram á sjöunda áratug síðustu aldar.

„Það skrifaði sig sjálf,“ sagði höfundurinn um upphafsstefið fræga, sem síðar var bent á að hefur ákveðin líkindi með messusöng rétttrúnaðarkirkjunnar. Byrjunin er látlaus og stefið hljómar einradda í áttundum í píanóinu, en ekki líður á löngu þar til Rakhmaninoff hrekkur í virtúósagírinn. Kadensa fyrsta þáttar er óvenju stórbrotin og dramatísk. Raunar samdi Rakhmaninoff tvær kadsensur og lét einleikaranum eftir að velja úr. Sú fyrri er öllu hógværarí, með þynnri áferð í upphafi þótt hún vaxi að styrk og þrótti eftir því sem á líður. Víkingur leikur seinni kadsensuna sem er tilþrífamikil flugeldasýning allt frá fyrsta takti.

Hægi kaflinn hefst á undurbliðu stafi sem er vel þegin hvíld frá hamagangi fyrsta þáttar. Jafnvel hér kemst tónlistin þó á eftirminnilegt flug, ekki síst í valsinum undir lok kaflans. Gömul stef skjóta upp kolla í lokaþættinum sem verður stöðugt hraðari eftir því sem á líður, og kastar þar fyrst tólfunum hvað varðar ljóshraðahlaup og almenna fingrafimi píanistans.

Dímítríj Sjostakovítsj

Sinfónía nr. 5



Sjaldan hefur nokkurt tónskáld átt jafn mikið undir viðtökum einnar tónsmíðar og þegar fimmta sinfónía Dímítríj Sjostakovítsj (1906–1975) var flutt í fyrsta sinn í Leníngrad 21. nóvember 1937. Ráðamenn höfðu fylgst grannt með vandræðabarni sovéskrar tónlistar í tæp tvö ár, allt frá því að Jósef Stalín sá hina geysivinsælu óperu Sjostakovítsj, Lafði Makbeð frá Mtsensk, 28. janúar 1936. Hann gekk út í miðri sýningu, og á einni nóttu varð ferill Sjostakovítsj að engu. Í Prövdu, málgagni kommúnistaflokksins, birtist nafnlaus leiðaragrein, sem talið er að Stalín hafi haft hönd í bagga með að semja: „Óreiða í stað tónlistar“. Greinin er miskunnarlaus áráks á Sjostakovítsj og tónlist hans, og hún jafngilti opinberri fordæmingu.

Í kjölfar árásarinnar í Prövdu var Sjostakovítsj undir stöðugu eftirliti og þess gætt að allt sem frá honum kæmi stæðist kröfur flokksins. Í desember 1936 var honum var gert að draga hina rixavöxnu og framúrstefnulegu fjórðu sinfóníu sína til baka, aðeins fáeinum dögum fyrir áætlaðan frumflutning. Hálfu ári síðar, í júlí 1937, var fimmta sinfónían tilbúin. Sjostakovítsj vissi vel að örlög hans gætu ráðist af þessu eina verki, og þegar hann kallaði sinfóníuna „listrænt svar sovésk listamanns við réttmætri gagnrýni“ var hann eingöngu að segja yfirvöldum það sem þau vildu heyra.

En ekki er allt sem sýnist. Fyrstu þrjú kaflar verksins eru allir hádramatískir, hver á sinn hátt, og enginn þeirra í sjálfu sér dæmi um þá glaðværu verkamannamúsík sem stjórnvöld lögð mest kapp á að fá. Strax frá afgerandi upphafshendingum fyrsta þáttar er ljóst að tónskáldinu er mikið niðri fyrir. Aðalstef kaflans eru tregafull og oft bregður fyrir nístandi sársauka. Þegar nokkuð er liðið á kaflann breytir tónlistin nokkuð um svip og brýst út í allsherjar hersýningu með lúðrum og sneriltrommu. Tónlistin verður örvæntingarfullri eftir því sem á liður, og þegar upphafsstefið snýr aftur ríkir algjör ringulreið.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt 5. sinfóníu Sjostakovítsj átta sinnum áður, fyrst í Háskólabíói 1970 undir stjórn Bohdans Wodiczko. André Previn stýrði verkinu í Laugardalshöll tveimur árum síðar, en síðast flutti SÍ sinfóníuna undir stjórn Rumons Gamba árið 2004. Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands lék hana á fyrstu tónleikum sínum, haustið 2009.

Í öðrum kafla býður Sjostakovítsj hlustandanum upp í groddalegan dans. Tónlistin er ýmist kaldhæðin eða ruddaleg, hvort sem um ræðir draugalegan vals eða grobbinn hornaþyt með dynjandi trumbuslætti. Þriðji kaflinn er sorgaróður. Hægir, þykkir strengjahljómarinn tjá ekki sorg eins manns, heldur heillar þjóðar. Tréblásarar, harpa og selestá bætast smám saman við hljóðfærahópinn, og eftir því sem líður á kaflann magnast upp sterk alda tilfinninga og tjáningar. Hér er sagt frá einhverju miklu og stóru, sem snertir okkur öll.

Það er ekki fyrr en í lokapættinum sem tekur að rofa til, og þó ekki nærri strax. Kaflinn hefst með miklum hamagangi. Fyrsta stefið er stormasamt og æðir áfram, stundum allt að því stjórnlaust. Smám saman breytir tónlistin þó um svip. Lúðrarnir bætast við, og fyrr en varir er yfirbragðið bæði tignarlegt og skínandi bjart, eins og nú hafi verið sigrast á einhverjum óskilgreindum erfiðleikum eða fjandmanni. Það var einmitt hér sem yfirvöld töldu sig heyra hina sönnu merkingu fimmtu sinfóníunnar: ráðvillta vandræðabarnið hefur loks séð ljósið og semur glaðværa tónlist sem höfðar til alþýðunnar. Þó hafa margir bent á að síðustu blaðsíðurnar eru ekki jafnglaðlegar og ætla mætti, heldur eru þær keyrðar áfram af ógnvænlegum krafti. Meðan málmblásarar leikja hetjumúsík eins og þeir eigi lífið að leysa hamast strengir, tréblásarar og píanó á sömu nótnunni 252 sinnum. Sigurgleðin er fölsk; undir niðri býr ógn og þvingun.

Fræðimenn hafa nærri undantekningarlaust látið í ljós efasemdir um að „endurminningabók“ Sjostakovítsj, Testimony, sem Solomon Volkov setti saman og gaf út 1979, endurspegli í raun skoðanir og hugsanir tónskáldsins. Þó er oft vitnað í bókina þegar kemur að lýsingu höfundarins á lokakafla verksins, sem er bæði eftirminnileg og trúverðug í sjálfu sér: „Ég held að það sé augljóst hvað er á seyði í fimmtu sinfóníunni. Fögnuðurinn er þvingaður, hann verður til af ógn, eins og í Boris

Godunov [óperu Músorgskijs]. Það er eins og einhver berji þig með kylfu og segi: „Þú átt að fagna, þú átt að fagna“, og þú stendur skjálfandi á fætur og gengur burt muldrandi „Ég á að fagna, ég á að fagna“. Hvers konar sigur er það? Sá sem ekki heyrir þetta hlýtur að vera algjör fáviti“. Með fimmtu sinfóníunni fann Sjostakovítsj loks hinn vandrataða meðalveg. Hann hafði samið tónverk sem féll yfirvöldum í geð en var eigi að síður sönn lýsing á þeim nóturlega veruleika sem hann og milljónir annarra bjuggu við.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

7. & 8. september 2011

1. FIDLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Sif Margrét Tulinius
Andrzej Kleina
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Mark Reedman
Olga Björk Ólafsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Martin Frewer
Margrét Kristjánsdóttir

2. FIDLA

Greta Guðnadóttir
Roland Hartwell
Kristján Matthíasson
Greta Salome Stefánsdóttir
Joanna Bauer
Christian Diethard
Þórdís Stross
Dóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Lilja Hjaltadóttir

VÍÓLA

Helga Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Kathryn Harrison
Eyjólfur Alfreðsson
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Inga Rós Ingólfssdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Magnea Árnadóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins

KLARINETT

Einar Jóhannesson
Sigurður I. Snorrason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Austin Howle

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

PÍANÓ & CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

Slagverk
Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



Denis Matsuev



Rumon Gamba

TÓNLEIKAR 03.11.11 » 19:30 / 04.11.11 » 19:30

Pláneturnar

Sergei Rakhmaninoff: *Píanókonsert nr. 2*

Gustav Holst: *Pláneturnar*

Rumon Gamba hljóm sveitarstjóri

Denis Matsuev einleikari

Vox feminae kór

Margrét Pálmadóttir kórstjóri

Pláneturnar eru eitt glæsilegasta hljóm sveitarverk 20. aldar. Hér er sjö reikistjörnum lýst í tónum með sérlega áhrifamiklum hætti.

Píanókonsert nr. 2 eftir Rakhmaninoff er ein ást-sælasta tónsmíð meistarans og sennilega mest leikni píanókonsert 20. aldarinnar, hér í flutningi eins fremsta píanista heims, Denis Matsuev.